

# Við Hrísrú mættust heiðni og kristni

Fornleifarannsóknir í Mosfellsdal fylla upp í sjúkrasögu landsins. Rannsóknir á beinum sýna bæði krabbamein og berkla. Við bæinn Hrísrú stóð stafkirkja til forna og við hlið hennar heiðið brunakuml.

Við bæinn Hrísrú í Mosfellsdal fer fram mikill fornleifauppgröftur, en þar hafa fundist mannvistarleifar allt frá upphafi byggðar hér. Vísbendingar í Egilssögu urðu til þess að Jesse Byock, fornleifafræðingur og norrænufræðingur við Kaliforníuháskóla, fann þar eina af elstu kirkjum landsins, frá Þjóðveldisöld. „Hérna var höfðingjasetur og kirkjan hefur sjálfsagt verið mikilfengleg, en hóllinn sem hún stóð á hefur lækkað mikið frá því á söguöld,“ segir hann.

Rétt við stafkirkjustæðið forna er smáhæð þar sem er að finna eina brunakumlið sem fundist hefur hér á landi. Þannig eru vísbendingar um byggð bæði í heiðni og kristni þarna á sama stað og jafnvel talið að nálægð greftrunarstaðanna gæti bent til að heiðni og kristni hafi þarna verið stunduð samhliða um einhvern tíma. Kumlið þykir mjög merkilegt en hæðin er með skipslagi og vísar út að skipalæginu í Leiruvogi.

## UMFJÖLLUN

FORNLEIFAR Í MOSFELLSDAL



ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON, BLAÐAMAÐUR

Jesse Byock segir að ekki hafi áður fundist kirkja þar sem viðurnn hefur verið í jafngóðu ástandi og í stafkirkjunni við Hrísrú. „Kirkjan var yfirgefin og skilin eftir og hægt að sjá hvernig viðarhlutar hennar eru á sínum stað,“ segir hann og telur einna merkast að sjá svokallað gruntné kirkjunnar. Hann segir fundinn kenna okkur mikið um hvernig kirkjubyggingum var háttáð fyrir á öldum, en byggingarlagið er í stíl við fornar stafkirkjur sem fundist hafa í Noregi.

Jesse segir sérstakt við þennan fornleifauppgröft hversu afmarkað tímabil sé verið að fást við. „Kirkjan var byggð og svo yfirgefin, en látin standa þegar sú nýja var tekin í notkun, þannig að tímabilið markast af 150 til 200 árum, frá upphafi tíundar aldar fram á elleftu öld.“ Hann segir tímamælingar á staðnum standast við rannsóknir á öskulögum sem sýni að kirkjan var byggð eftir árið 926.

Rannsóknir á beinum sem grafin hafa verið upp við kirkjustæðið hafa leitt í ljós sjúkdóma á borð við krabbamein og berkla. „Hér fáum við miklar og góðar upplýsingar sem fylla í sjúkdómasögu Þjóðarinnar,“ segir Jesse, en



### NÁKVÆMNISVINNA VIÐ FORNLEIFAUPPGRÖFT

Eins og glögt má sjá er fornleifauppgröftur nákvæmnisvinna, en að fornleifaverkefni kemur stór hópur fólks hvaðanæva að úr heiminum, fræðimenn háskóla, nemandi, fornleifafræðingar Þjóðminjasafns og fleiri.



### FORNT KIRKJUSTÆÐI AÐ HRÍSRÚ Í MOSFELLSDAL

Jesse Byock við fornleifauppgröft að Hrísrú í Mosfellsdal. Með honum á myndinni er Marianna Betti, nemi í fornleifafræði við Kaliforníuháskóla.

þarna kunna að vera fyrstu dæmin um berkla hér á landi. Hann segir rannsóknir á beinum jafnframt leiða í ljós margvíslegar upplýsingar um mataræði og lifnadarhætti fólks. Aðspurður taldi Jesse ekki miklar líkur á að meðal beinagrindanna sem grafnar hafa verið upp við Hrísrú væru bein Egils Skallagrímssonar, en bein hans er sögð hafa verið grafinn upp og flutt annað.

Björn Þráinn Þórðarson, sviðstjóri fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar, segir að bæjarfélagið hafi mikinn áhuga á að nýta sér þessar merku fornminjar sem

fundist hafa þarna í Mosfellsdal með einhverjum hætti. Nefnir hann möguleika á að stofna fræðasetur þar sem fólk gæfist kostur á að kynna sér minjarnar og sögu landsins. Hann segir þessar hugmyndir tengjast áætlunum um menningarhús til minningar um Halldór Laxness. Björn telur stofnun minjaseturs mögulega í kringum fornleifauppgröft í Mosfellsdal, forn skipalægi í Leiruvogi og minningarsetur um ritun, ritstörf og menningu í dalnum allt frá tímum Egils Skallagrímssonar til daga nóbelskaldsins frá Laxnesi. ■